102 15. okt. hann endurgoldinn af hlutaðeigandi sveitarfjelagi, sem beiðst hefur vitnaleiðslunnar, að svo miklu leyti, sem hann hefur eigi fengist borgaður sem kostnaður af lögreglumáli því, er tekið var fyrir í sömu ferðinni, og sem lyktaði svo, að hinir ákærðu undirgengust að lúka sektir og greiða allan kostnað af rannsókninni gegn þeim.

103 15. okt. **Brjef landshöfðingja *til biskupsins* um styrk til að útvega prestsþjónustu í brauðum í Vesturskaptafells-prófastsdæmi.** — Í tilefni af þóknanlegu brjefi yðar, háæruverðugi herra, 12. þ. m. sendi jeg yður hjermeð jarðabókarsjóðsávísun fyrir 400 kr. af fje því, sem með fjárlaganna 13. gr. A b 2 er ætlað til bráðabyrgðaruppbótar fátækum brauðum, en óeytt er enn af þessari fjárveitingu, til þess að þjer verjið þessari upphæð til að útvega brauðum þeim, er laus standa í Vesturskaptafellsprófastsdæmi, einkum Mýrdalsþingum, hina nauðsynlegustu prestsþjónustu, sem eigi verður útveguð á annan hátt, og bið jeg yður að senda mjer á sínum tíma skýrslu yðar um það, á hvern hátt fjenu hafi verið varið í hinu umrædda augnamiði.

104 19. okt. **Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu*, um búnaðarskóla handa vesturamtinu í Ólafsdal.** — Í þóknanlegu brjefi 9. júlí þ. á. hafið þjer, herra amtmaður, samkvæmt ályktun amtsráðsins í vesturamtinu á síðasta aðalfundi þess, lagt það til að búnaðarkennslustofnunin í Ólafsdal verði gjörð að búnaðarskóla fyrir vesturamtið, og að til hennar megi verja fyrst um sinn, frá byrjun yfirstandandi árs, hinu árlega búnaðarskólagjaldi úr vesturamtinu og ársvöxtunum af búnaðarskólasjóði amtsins.

Fyrir því skal yður hjermeð þjónustusamlega tjáð, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar, að jeg samþykki hjermeð nefnda tillögu yðar.

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI
samkvæmt fjárlögunum fyrir 1884 og 1885
10. gr. C. 5. b.

Samþykktar tillögur amtsráðsins í norður- og austuramtinu um að 3300 kr, sem veittar voru til að styrkja sýsluvegasjóði í norður- og austuramtinu til að bæta sýsluvegi á aðalpóstleiðum (sbr. Stj.tíð. þ. á. B. bls. 59) verði varið þannig, að Húnavatnssýsla fái 490 kr., Skagafjarðarsýsla 110 kr., Eyjafjarðarsýsla 980 kr., Suðurþingeyjarsýsla 310 kr., Norðurmúlasýsla 310 kr og Suðurmúlasýsla 1100 kr.

FRAMKVÆMDARSTJÓRI VIÐ LANDSBANKANN.

24. oktbr. var yfirdómari L. E. Sveinbjörnsson af landshöfðingja skipaður framkvæmdarstjóri við banka þann, er samkvæmt lögum 18. septbr. 1885 á að stofna í Reykjavík, með launum eptir 25. gr. laganna frá þeim tíma er bankinn tekur til starfa, og með hálfs árs uppsagnarfresti.

SÝSLANIR VIÐ LANDSBANKANN.

Þeir sem óska að koma til greina þegar skipaður verður b ó k a r i og f j e h i r ð i r við banka þann, er stofna skal í Reykjavík samkvæmt lögum 18. september 1885, og sem gjört er ráð fyrir, að muni taka til starfa á næstkomanda sumri, á þeim tíma, er síðar mun verða nákvæmar auglýst, þó eigi fyrri en 1. júlímánaðar, eiga að senda umsóknarbrjef sín um þessar sýslanir til landshöfðingjans yfir Íslandi innan 26 nóvember næstkomandi. Fjehirðir bankans á að setja veð, sem ákveðið er að vera skuli 4000 kr. í konunglegum skuldabrjefum, eða þriðjungi hærra veð með fyrsta forgangsrjetti í jarðeignum eða í vátryggðum húseignum í Reykjavík.